

Föstuaginn 17. nóvember 1961.

Nr. 171/1960. Þorvaldur Einarsson

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

gegn

Guðgeiri Sveinssyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupkrafa sjómanns.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 3981.30 án vaxta, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að dæmd fjárhæð lækki í kr. 14.303.62 vegna reikningssekkju. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Telja verður, að ákvæði kjarasamnings þess, sem aðiljar voru við bundnir og lýst er í héraðsdómi, hafi tekið til handfæraveiða þeirra, sem um er að tefla.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að honum hafi verið kunnugt um, að hann hafði verið skráður úr skiprúmi hjá áfrýjanda 30. júní 1959. Viðurkennt er, að stefndi fór frá 1. júlí til 25. september s. á. fjórum sinnum í róðra með áfrýjanda, og þeirri skýrslu stefnda hefur ekki verið sérstaklega andmælt, að hann hafi á þessu tímabili verið reiðubúinn til að vinna hásetastörf á bát áfrýjanda, að þeim fáu skiptum undanteknum, er hann fór í róðra á öðrum bát, að því er hann telur með vitund áfrýjanda og án nokkurra athugasemda af hans hálfu. Vegna þessara róðra hefur stefndi og lækkað kauptryggingarkröfu sína fyrir nefnt tímabil, eins og getur í héraðsdómi. Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, eru ekki nægileg rök að því leidd, að ráðningarsamningi aðilja hafi á þessum tíma verið löglega slit-

ið, og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kauptryggingu nefnt tímabil með þeim frádrætti, sem áður greinir. Þá ber áfrýjanda og að greiða stefnda samningsbundna kauptryggingu fyrir tímabilið 25. september til 7. nóvember 1959, enda eru eigi efni til að skerða þá kröfu vegna atviks þess, er í héraðsdómi greinir.

Héraðsdómur verður því staðfestur með þeirri breytingu vegna reikningsskekkju, er áður getur, og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnda, Guðgeiri Sveinssyni, kr. 14.303.62 með 6% ársvöxtum frá 13. janúar 1960 til greiðsludags, kr. 400.00 í málskostnað í héraði og kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar kröfum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 22. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., er af stefnanda, Guðgeiri Sveinssyni sjómanni, Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri þ. 13. janúar 1960, gegn stefnda, Þorvaldi Einarssyni útgerðarmanni, Neskaupstað, til heimtu eftirstöðva af hlutatryggingu vegna stefnanda sem háseta á v/b Birni, NK 33, tímabilið 1/3—7/11 1959, að einum mánuði frátöldum, að fjárhæð ca kr. 18.400.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig er krafizt sjóveðréttar í v/b Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Enn fremur var krafizt uppgjörs frá útgerðarmanni. Síðar, að fengnu nefndu uppgjöri, var kröfu stefnanda breytt í samræmi við það í kr. 14.368.62 og vaxtakröfu breytt í 6% ársvexti frá 7. nóvember 1959.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum stefnanda fram yfir þá

innstæðu, sem reikningur hans um viðskipti þeirra sýnir, eða kr. 3.981.30. Einnig mótmælir hann málskostnaðarkröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. febrúar 1959 réðst stefnandi háseti á v/b Björn, NK 38, eign stefnda og gerðan út af honum til handfæraveiða. Ekki er ágreiningur um, að stefnandi var í skiprúminu til 1. júlí 1959, og reiknaði stefndi honum fulla kauptryggingu það tímabil.

Þann 30. júní er stefnandi afskráður af bátnum, en hann fer með stefnda sem háseti í 4 róðra á tímabilinu 1. júlí til 25. september. Er þetta samkvæmt aðiljaskýrslu stefnda, sem taldi róðrana hafa verið farna 30. og 31. júlí og 7. og 8. ágúst. Voru þeir aðeins tveir á. Telur stefndi ekki vera venju að lögskrá undir slíkum kringumstæðum. Ekki getur hann þess, að hann hafi farið fleiri róðra á bátnum þetta tímabil. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi verið fastráðinn á bátnum allt þetta tímabil. Hafi stefndi aldrei tilkynnt sér um afskráningu, og hann því talið sig skráðan áfram. Hafi hann talið sig bundinn við þenna bát og ætíð verið reiðubúinn til að mæta til vinnu. Hann hafi að vísu farið nokkra róðra á öðrum bát, en það hafi ekki komið í bága við róðra á v/b Birni, NK 33, enda hafi stefndi vitað um þessa róðra og ekki gert við þá athugasemdir. Til sanngirnis hefur stefnandi vegna þessara róðra fellt niður kröfu um hlutatryggingu fyrir einn mánuð af þessu tímabili. V/b Björn er 16 rúmlestir, og því lögskýlt að lögskrá á hann. Hlutatrygging er greidd á bátum, þótt minni séu en 12 rúmlestir, og því óskýlt að lögskrá á þá. Sé það venja að vanrækja lögskráningu, þegar aðeins eru tveir á báti, þá mátti stefndi búast við því, að hann yrði að greiða kauptryggingu til stefnanda á sama hátt og á minni bátum, enda þótt hann hefði afskráð hann. Það virðist því verða að líta svo á, að stefnandi hafi mátt búast við því, að hann fengi kauptryggingu greidda fyrir þetta tímabil. Hinn 25. september tók annar skipstjóri við v/b Birni, NK 33, og var stefnandi þá aftur lögskráður á hann og afskráður þ. 7. nóvember. Fyrir þetta tímabil krefst hann kauptryggingar og orlofsfjár, en stundaðar voru línuveiðar.

Það er upplýst, að stefnandi kom eitt sinn of seint til skips, og var farið í róður án hans. Ekki er upplýst, að neitt tjón hafi orðið fyrir stefnda af þessum sökum. Engin viðurlög eru ákveðin við þessu í kaupgjaldssamningi, sem gildir um veiðar þessar, og ekki hefur stefndi beitt viðurlögum laga við þessu, þar sem stefnandi var í skiprúminu til vertíðarloka. Jafnframt hefur stefndi vanrækt skyldur sínar gagnvart stefnanda með því að greiða honum

ekki kauptryggingu vikulega, eins og auðséð er af reikningum á dskj. nr. 7, en það er skylda samkvæmt nefndum kaupgjaldssamningi.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður að fallast á kröfu stefnanda um kauptryggingu fyrir allt tímabilið 1. marz til 7. nóvember 1959, að undanskildum einum mánuði, samkvæmt kaupgjaldssamningi á dskj. nr. 3. Ekki verður tekin til greina sú mótbára stefnda, að kauptrygging skuli ekki greidd af handfæraveiðum. Orðalag kaupgjaldssamningsins í 2. grein gefur ekki tilefni til þess. Enda hefur stefndi sjálfur reiknað stefnanda kauptryggingu fyrir tímabilið 1/3—30/6 1959. Samkvæmt ofanskráðu er kaupkrafta stefnanda rétt útreiknuð í framhaldsgreinargerð á dskj. nr. 11 kr. 35.306.25 auk orlofsfjár, kr. 2.118.37, eða alls kr. 37.489.62. Ekki er ágreiningur um greiðslur til stefnanda, alls kr. 23.121.00, og verður því innstæða hans kr. 14.368.62, og ber að dæma stefnda til að greiða honum þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 13/1 1960, til greiðsludags. Samkvæmt þessum úrslitum ber að taka málskostnaðarkröfu stefnanda, kr. 400.00, til greina.

Samkvæmt 236. gr., 2. tölulið, siglingalaga nr. 56/1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, fyrir tildæmdum kröfum.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ármann Eiríksson og Óskar Sigfinnsson, fyrrverandi skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnanda, Guðgeiri Sveinssyni, kr. 14.368.62 með 6% ársvöxtum frá 13. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar kröfum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.